

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps
nr. 160 30. ágúst 1963.****1. gr.**

6. grein orðist svo:

Af öllum húsum í Ólafsvíkurhreppi, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt er nemi 0.15% af fasteignamati húsa og lóða þeirra. Vatnsskattur skal þó aldrei lægri vera en kr. 1 200.00 á hverja íbúð.

Af húsum, sem tengd eru við vatnsveituna skal greiða tengigjald kr. 5 000.00 fyrir hvert hús.

2. gr.

7. grein breytist svo:

Í stað orðanna: „2% af fasteignamati húsa“ komi „0.50% af fasteignamati húsa og lóða“.

3. gr.

Niðurlag 8. gr. breytist svo:

Í stað orðanna: „krónur 1.00 pr. smálest“ komi „krónur 3.00 pr. smálest“.

4. gr.

9. grein breytist svo:

Í stað orðanna: „kr. 0.50 fyrir hvern teningsmetra vatns“ komi „kr. 3.50 fyrir hvern teningsmetra vatns“.

5. gr.

11. grein breytist svo:

Í stað orðanna: „Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert“ komi „gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts“.

6. gr.

12. gr. breytist svo:

Í stað orðanna: „Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 2 000.00“ komi „Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00“.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.